

Viðtalstímar bæjarfulltrúa í grunnskólum haustið 2019 – samantekt

Viðtalstímar bæjarfulltrúa í grunnskólum Akureyrarbæjar voru haldnir haustið 2019. Gögnum hefur verið safnað saman og þau flokkuð niður eftir sviðum bæjarins. Undir hverju sviði eru ákveðin málefni sem þau varðar og er hvert málefni merkt skóla nemandans/nemendanna sem nefndu það.

Akureyrarstofa

1. Af hverju getur Akureyrarbær ekki styrkt Hríseyjarhátíðina meira svo hún verði jafn skemmtileg og áður fyrr. - *Hríseyjarskóli*
2. Það mætti markaðssetja tjaldsvæðið í Hrísey. - *Hríseyjarskóli*
3. Óska eftir fleiri fjölskyldubæjarhátíðum á Akureyri. - *Naustaskóli*